



SAMKOMULAG MILLI
AKUREYRARBAEJAR OG
KNATTSPYRNUFELAGS
AKUREYRAR 2023-2025
VEGNA FIMLEIKADEILDAR KA

Samkomulag

Akureyrarbær, kt. 410169-6229 og Knattspyrnufélag Akureyrar (KA), kt. 700169-4219 gera með sér eftirfarandi samkomulag vegna samruna Fimleikafélags Akureyrar (FIMAK) kt. 550992-2649 við KA.

1. gr. Tilgangur

Vísað er til samkomulags dagsett 30. nóvember 2023 milli KA og FIMAK þess efnis að KA muni stofna fimleikadeild sem yfirtekur allar fjárhagslegar og íþróttalegar skyldur FIMAK, s.s. eignir, skuldir, skuldbindingar við iðkendur, þjálfara og samstarfsaðila. Samkomulag milli KA og FIMAK er fylgiskjal með þessu samkomulagi.

2. gr. Framlög og greiðslur

Akureyrarbær veitir KA samtals kr. 13.100.000 styrk á árunum 2023, 2024 og 2025 til að koma til móts við umfang verkefnisins sem fylgir því að taka við um 400 fimleikaiðkendum yfir í starfsemi KA.

Framlag Akureyrarbæjar er eftirfarandi:

Dagsetning	Framlag í kr.
1. desember 2023	4.000.000
2024	4.550.000
2025	4.550.000
Samtals	13.100.000

Greiðslur árin 2024 og 2025 dreifast í mánaðarlegar greiðslur yfir árið.

Þessar fjárhæðir eru með fyrirvara um framlög úr bæjarsjóði á fjárhagsáætlun hvers árs.

Áætlað er að framlag Akureyrarbæjar til KA árið 2024 vegna þjónustusamningsins verði kr. 15.750.000 mv. flokk XIII í nýju reiknilíkani. Akureyrarbær skuldbindur sig til að greiða KA samkvæmt flokki XIII árin 2025 og 2026 ef til þess kemur að iðkendum fækki.

Akureyrarbær mun færa aðra styrki vegna starfsemi FIMAK yfir til KA frá og með undirritun þessa samkomulags.

3. gr. Uppgjör

Vegna samruna FIMAK við KA fellir Akureyrarbær niður útistandandi skuldir FIMAK við Akureyrarbæ, alls kr. 7.950.000. Skuldin mun því ekki fylgja með þeim skuldum sem KA tekur við úr rekstri FIMAK.

4. gr. Önnur ákvæði

Verði breytingar á starfsemi fimleikadeildar KA fyrir árslok 2026, samanber samkomulag dagsett 1. nóvember 2023 milli KA og FIMAK sem Akureyrarbær telur stangast á við markmið þessa samkomulags er Akureyrarbæ heimilt að endurskoða framlag vegna samkomulagsins.

Akureyri 1. desember 2023




Eiríkur Jóhannsson

Formaður




Bæjarstjóri

Vottar



Ásthildur Sturludóttir
070275-5629



Sónja Þáðarsdóttir
091274-3969

Fylgiskjal – Samkomulag milli KA og FIMAK

Samkomulag

Knattspyrnufélag Akureyrar (KA), kt. 700169-4219 og Fimleikafélag Akureyrar (FIMAK) kt. 550992-2649 gera með sér eftirfarandi samkomulag um að starfsemi FIMAK renni inn í KA.

1. gr.

KA tekur við núverandi starfsemi FIMAK eftir að samkomulag þetta öðlast staðfestingu á aðalfundum félaganna. Með samrunanum rennur öll starfsemi FIMAK inn í KA og kennitala FIMAK verður notuð til reksturs nýrrar deildar, fimleikadeildar KA. Við samrunann munu allir iökendur FIMAK færast yfir í fimleikadeild KA.

2. gr.

KA mun yfirtaka allar íþróttalegar skyldur FIMAK, eignir, skuldir, skuldbindingar við iökendur, þjálfara og samstarfsaðila sbr. 1. gr. samkomulags þessa.

3. gr.

Eftir að samkomulagið öðlast staðfestingu á annars vegar aðalfundi KA og hins vegar FIMAK verður borin upp tillaga um samruna FIMAK við KA á aðalfundi hjá FIMAK. FIMAK hættir starfsemi þegar tilkynning þar um hefur verið staðfest af Íþróttabandalagi Akureyrar og Íþróttá- og Ölympiusambands Íslands.

4. gr. Stofnun Fimleikadeilda

KA mun stofna sérstaka fimleikadeild innan KA sem tekur yfir skuldir og skuldbindingar FIMAK í samræmi við 2. gr. samnings þessa.

5. gr.

Íþróttabandalag Akureyrar styður þetta samkomulag og mun færa styrki vegna starfsemi FIMAK yfir til KA frá og með 1. desember 2023 að því gefnu að samkomulagið verði samþykkt af þar til bærum aðilum og staðfesting fæst á aðalfundum félaganna.


Í samræmi við framan ritað mun KA taka formlega við umræddri starfsemi FIMAK frá og með 1. desember 2023. Frá og með sama tíma mun KA taka yfir allar samningsskuldbindingar FIMAK við Íþróttabandalag Akureyrar.

Samkomulag þetta er undirritað af aðalstjórn KA og aðalstjórn FIMAK með fyrirvara um að það verði samþykkt á aðalfundum félaganna sem verður boðaður sérstaklega þann 30. nóvember 2023 til að leggja samninginn fyrir félagsmenn til samþykktar eða synjunar.


KA mun gera sérstakt samkomulag við Akureyrbæ varðandi styrki frá Akureyrbæ og skuldir FIMAK við Akureyrbæ. Þetta samkomulag verður fylgiskjal í því samkomulagi.

Akureyri 30.11.2023

F.h. Stjórn félags KA



Ólafur Ólafsson
Línus ÍBA

Vottur frá Akbæ


Ólafur Ólafsson
kt 120975 5529

F.h. Stjórn félags FIMAK


Höndur Ólafsson
Vottur frá ÍBA


Ólafur Ólafsson
kt. 070275-5629